

Leikskólakennari eða starfsmaður við leikskóladeild Flataskóla

Vegna fjölgunar nemenda vantar við Flataskóla í Garðabæ leikskólakennara eða leiðbeinanda fyrir nemendur í leikskóladeild fyrir 4- 5 ára börn. 50% starf frá klukkan 13:00-17:00.

Flataskóli hefur í meira en 50 ár sérhæft sig í kennslu barna á aldrinum 6-12 ára. Síðastliðin tvö ár hefur verið starfrækt sérstök leikskóladeild við skólann fyrir fimm ára gömul börn. Nú í vetur hafa fjögurra ára börn bæst í hópinn.

Flataskóli er fámennur skóli þar sem unnið er af miklum metnaði og áhersla lögð á notalegt andrúmsloft, umhyggju og góðan árangur. Í skólanum okkar eru persónuleg samskipti milli nemenda, starfsfólks og foreldra.

Í leikskóladeildinni er lögð áhersla á að „nám er leikur“. Í gegnum leikinn er fengist við lestrarnám, stærðfræði, náttúrufræði, list- og verkgreinar, vísindi, félagslega hæfni og skapandi viðfangsefni. Áhersla er lögð á markvisst útinám og hreyfingu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Kennsla og skipulagning starfsins.
- Samstarf og samskipti við foreldra og starfsfólk skólans.
- Vinna að þróunarstarfi og frekari skipulagningu á kennslu 4 ára og 5 ára barnanna.
- Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til þess að fylgja eftir stefnu skólans, að vinna með öðrum og búa jafnframt yfir frumkvæði og getu til að vinna sjálfstætt.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af starfi með börnum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, frumkvæði og framtakssemi.
- Skipulags og stjórnunarhæfileikar.
- Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag leikskólakennara.

Umsóknarfrestur er til 30. október 2014

Vinsamlegast sækið um með því að fylla út atvinnuumsókn á ráðningarvef Garðabæjar.

Nánari upplýsingar veitir:

Ólöf S. Sigurðardóttir, skólastjóri Flataskóla

sími: 5658560 - 6171570

netfang: olofs@flataskoli.is